



Nýjar vörur á lager

Ný og nett Scotsman klakavél

Kælitækni ehf. hefur fengið nýja og mjög svo netta klakavél frá Scotsman. Hún heitir **Scotsman AC 46**. Vélin er geysilega nett en um leið afkastamikil. Hún hentar vel hvort sem er á litlum veitingastöðum, í eldhúsum á hvaða vinnustað sem er og í heimahúsum.



Ertu að kaupa vatn??!!!!



Kælitækni er með á lager nokkuð af vatnshæðum frá vönduðum ítölskum frameiðanda á mjög hagstæðum kjörum. Hægt er að fá bæði beintengda kæla og þá sem eru með brúsa. Einnig eru á lager allir aukahlutir sem á þarf að halda s.s.brúsar, kolsýruhylki o.s.frv.

Eir- og koparfittings

Kælitækni hefur á lager og tilbúið til afgreiðslu eir- og koparfittings í öllum helstu stærðum.

Um er að ræða bæði eirfittings fyrir harðlóðun eirröra svo og koparfittings skrúfaðan og/ eða soðinn fyrir kælikerfi.



Við bjóðum hagstæð kjör, skjóta og góða afgreiðslu.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar eða líttu við hjá okkur. Það er alltaf heitt á könnunni.

Nýr starfsmaður

Sem þætti í aukinni útrás á markaðinn hefur Kælitækni ehf. bætt við sig öflugum starfsmanni sem hefur mikla og góða reynslu af sölustörfum og samskiptum við viðskiptavinum. Hann heitir Tryggvi Þór Gunnarsson..



Tryggvi kemur til með að sinna söluráðgjöf á loftkælubúnaði sem og að vera umsjónaraðili loftkælideildar Kælitækni. Tryggvi er með BSc gráðu frá Tækniskóla Íslands í vörustjórnun. Tryggvi starfaði áður hjá Nýherja í mörg ár sem söluráðgjafi og svo viðskiptastjóri. Þá er Tryggvi mikill júlókappi og var í júlólandsliði Íslands til margra ára.

Kælitækni býður hann velkominn til starfa og væntir mikils af honum í framtíðinni.



Ísmolinn

Giftur maður átti í leynilegu ástarsambandi með einkaritaranum sínum. Dag einn þegar ástríðan tók völdin ákváðu þau að fara heim til hennar þar sem þau áttu villta eftirmiðdagsstund.

Eftir öll lætin voru þau orðin dauðþreytt og sofnuðu. Klukkan 20:00 vöknudðu þau og þegar maðurinn byrjar að klæða sig á fullu, segir hann einkaritaranum sínum að fara með skóna hans út og nudda þeim í grasið og moldina. Furðu lostin konan skilur ekki alveg hvers vegna hann biður um þennan greiða en hlýðir engu að síður. Hann skelltir sér svo í skóna og keyrði heim. „Hvar hefurðu eiginlega verið maður?“ spurði konan eiginmanninn þegar hann kom inn um dyrnar. „Elskan, ég get ekki logið að þér. Ég á í leynilegu ástarsambandi við einkaritarann minn og við erum búin að vera á fullu í bólinu allan dag, svo sofnuðum við og ég vaknaði ekki fyrr en klukkan 8“.

Konunni varð lítið á skóna hans og sagði: „Helvítis lygarinn þinn, þú ert búinn að vera að spila golf í allan dag !!!“



Útgefandi: Kælitækni ehf.
Ábyrgðarmaður: Sigurður Bergsson
Umsjón: Ásgrímur H. Helgason
Hönnun og uppsetning: Prentsmiðja Guðjóns Ó.
Prentun: Prentsmiðja Guðjóns Ó.
Eftirprentun er heimil úr Köldum kveðjum sé heimildir getið.



Kælitækni

Kaldar kveðjur

Fréttabréf, 23. tbl. – apríl – 2006



Er heitt og þungt loft á þínum vinnustað?

Rétt hitastig og hreint loft er einn af grunnþáttum afkasta og ánægju starfsmanna



Rétt hitastig og hreint loft er einn af grunnþáttum afkasta (framleiðni) starfsmanna. Um leið og hitastigið verður of hátt og loft vont, þ.e. mikið um svifryk, bakteríur og jákvæðar jónir fer starfsmanninum að líða illa og hann leitast við að verja eins litlum tíma og mögulegt er í skrifstofu- og eða verslunarrýminu. Of hátt hitastig og þungt loft á vinnustöðum er algengara heldur en margan grunar og þá ekki bara yfir sumartímann.

Hvað veldur þessu slæma lofti og ranga hitastigi og hvað er til ráða? Ýmsa þætti er hægt að telja upp og þá einna helst hækkun hitastigs og aukna mengun á Íslandi, fleiri og öflugri hitagjafir í rýmum t.d. tölvur, halogenljós o.fl. Einnig er í hönnun húsa í dag yfirleitt gert ráð fyrir stórum gluggaflötum sem hleypa sólarljósinu í gegn. Þetta hitar upp rýmið enn frekar. Þá virka rimlagluggatjöld einnig oft sem ofn í glugganum. Við opnun glugga berst gjarnan inn ryk, mengun og hávaði.

Skrifstofuloftið getur innihaldið bakteríur, vírusa, sveppagró og aðrar lífrænar svifryksagnir. Allar þessar agnir hafa bein áhrif á gæði loftsins og geta verið skaðleg heilsu manna. Dæmigerð einkenni eru: Höfuðverkur, þreyta, pírringur í nös, augum og lungum sem lýsir sér í astma eða öðrum öndunarerfiðleikum. Til langs tíma getur slíkt umhverfi t.a.m leitt til krabbameins.

Margar rannsóknir benda einnig til að innanhússloft á skrifstofu sé trúlega 10 sinnum mengaðra en útiloftið. Kælitækni hefur um árabil selt "Komfort kælitæki" frá framleiðandanum Carrier. Framleiðandi þessi er mjög framalega í hönnun og þróun loftkælíbúnaðar sem inniheldur kerfi sem hreinsar um leið loftið. Kerfi þetta kalla þeir "Air4life".

Loftkælíbúnaður með slíku kerfi kælir og síar loftið og gefur um leið frá sér neikvætt hlaðnar jónir. Allt þetta hjálpar til við að eyða bakteríum, ryki, mengun, lykt, veirum og frjódufti. Þetta gerir það að verkum að loftið inni í skrifstofu eða verslunarrýminu verður hreinn, svalara og ferskara. Við slíkar aðstæður aukast afköst starfsfólks og líðan þeirra verður mun betri.

**Vertu viðbúinn
sumarhitunum
með "Komfort
kælingu" frá
Kælitækni**



Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu Kælitækni www.kælitækni.is eða www.cooltech.is




AIR4LIFE



Góð sala loftkælíbúnaðar í byrjun árs

Hýsingarsvið EJS hefur loftkælíbúnað frá Kælitækni

Í mars var settur upp nýr Clivet loftkæliskápur hjá **Hýsingu hýsingarsviði EJS**. Fyrir voru einir fjórir Clivet loftkæliskápar frá Kælitækni en vegna mikillar aukningar á sviði hýsingar hjá EJS var nauðsynlegt að bæta við öðrum skápi til að kæla rýmið frekar. Um er að ræða **Clivet MR CW 81 með kæliafköst upp á 27 kW**. Loftinu er blásið undir kerfisgólfið og þrýstist síðan upp á ákveðnum stöðum til að tryggja rétta og jafna dreifingu kalds lofts fyrir tölvu- og kerfisbúnað Hýsingar.



“Hýsing býður viðskiptavinum sem vilja útvísa rekstri sinna tölvukerfa upp á fyrsta flokks kerfissal og umsjón tölvukerfa, annað hvort að hluta til eða að fullu. Fullkomið kælikerfi og rafstöð og rafbakhjarlar tryggja rekstraröryggi ásamt innbrots og brunavörnum. Clivet loftkæliskáparnar frá Kælitækni hafa reynst mjög vel og eru áreiðanlegir og hagkvæmir í rekstri. Vegna aukinna umsvifa á rekstri Hýsingar reyndist nauðsynlegt að bæta við kælinguna til að ná að halda ákjósanlegu hitastigi fyrir allan háþróaðan vélbúnaðinn og tryggja þannig hámarks rekstraröryggi. Vegna góðrar reynslu af búnaði Kælitækni og þjónustu kom ekkert annað til greina en að leita aftur til þeirra”, segir Huldar Örn Sigurðsson kerfisstjóri Hýsingar.

Það var svo **Kæling ehf.** sem setti upp búnaðinn og vannst þeim verkið, eins og ávallt, vel úr hendi. Kælitækni þakkar þeim fyrir mjög vel unnin störf.

Actavis Group velur kælibúnað frá Kælitækni

Meðalokkartraustari viðskiptavina er Actavis Group sem hefur nýverið pantað búnað fyrir verksmiðju sína og rannsóknarstofur.



Búnaðurinn er hluti af stærra glycolkælikerfi en um er að ræða glycolkæli og eimsvala frá Guntner sem staðsettir eru á þaki byggingarinnar.

Eimsvallinn er með þróuðum stýringum sem koma tilbúnað frá framleiðanda. Inni eru staðsettir 4 tvíátta glycolkælar, einnig frá Guntner og síðan verða settir upp 6 kæliblásarar frá Carrier sem verða innfelldir í kerfisloft.

Að lokum má nefna Dagard ryðfrían kæliklefa sem Actavis hefur einnig fest kaup á fyrir rannsóknarhús sitt.

Opin kerfi setja upp loftkælíbúnað frá Kælitækni

Í febrúarlök festu Opin Kerfi einnig kaup á Clivet loftkæliskáp hjá Kælitækni. Skápurinn er í tölvurými í höfðustöðvum þeirra að Höfðabakka. Um er að ræða **Clivet MR WC 71 með kæliafköst upp á 21,4 kW**. Tækið er vatnskælt. Loftinu er einnig í þess tilfelli blásið undir kerfisgólfið sem þrýstist svo upp á réttum stöðum til að tryggja rétta og jafna dreifingu kalts lofts fyrir tölvu- og kerfisbúnaðinn.



Carrier loftkælíbúnaður í Félagsmiðstöðinni Grettistötu

Í Félagsmiðstöðinni á Grettisgötu 89 verður húsnæðið kælt að hluta til og varð loftkælíbúnaður frá Carrier fyrir valinu.

Þetta eru kæliblásarar sem nota kælt glycol sem kælimiðil og eru þeir innfelldir í kerfisloft. Blásararnir eru sjö talsins og tengjast hússtjórnarkerfinu. Vertaki var **Blikksmiðurinn hf.**



Skýrr kaupir loftkælíbúnað frá Kælitækni

Þá keypti þjónustusvið Skýrr í febrúarlök Carrier loftkælikerfi frá Kælitækni fyrir viðskiptavin sinn. Um er að ræða loftkælt **Carrier Split Unit með kæliafköst upp á 3,4 kW**. Tækið er staðsett í tölvurými sem liggur við hlið skrifstofuherbergis og því mátti hávaði frá tækinu ekki vera mikill. Carrier Split unit tækið varð því fyrir valinu vegna lítils hávaða og mikilla gæða.


Frostmark ehf. sá um milligöngu sölunnar og uppsetningu búnaðarins. Fórst þeim verkið vel úr hendi eins og ávallt. Kælitækni þakkar þeim viðskiptin og fyrir mjög vel unnin störf.



Ýmsar fréttir

DACS loftræsti- og fódurbúnaður

Í byrjun árs hélt Kælitækni í samstarfi við LEE rafverktakar ehf. ráðstefnu um loftræsti- og fódurbúnað fyrir alifugla- og svínaræktendur sem og sláturhús.



Um erað ræða háþróaðan og notandavænan búnað sem reynst hefur mjög vel í löndum Skandinavíu og víðar. Það var mál manna að ráðstefnan hafi verið áhugaverð og strax í kjölfarið hafa nokkrar pantanir borist í þennan háþróaða og margverðlaunaða búnað frá DACS.




Frá ráðstefnunni

Hraðfrystar til Fjörfisks á Húsavík

Fjörfiskur ehf. á Húsavík festi nýverið kaup á tveimur hraðkælum og hraðfrystum fyrir framleiðslu sína á Húsavík.

Þetta eru sérhannaðir hraðfrystar sniðnir að þörfum og afköstum fyrirtækisins. Stjórnbúnaður er einfaldur og hægt er að velja um hvort skáparnir eru notaðir sem hraðkælar eingöngu eða hraðkælar og hraðfrystar bæði fyrir reyktan fisk sem og ferskan.



Vélakerfi hraðfrystana eru Bitzer pressur



Kælitækni sá um hönnun og útfærslu í samvinnu við Kælitækjaþjónustu Odds Örvars á Húsavík og Víkurraf ehf. sem einnig sáu um uppsetningu búnaðarins. Verktökunum báðum þökkum við fyrir samstarfið.


Uppsetning Krapavélar í Ásbirni RE 50

Nú hefur enn eitt **North Star** krapakerfið verið afhent og er það er um borð í Ásbirni RE. Útgerð Ásbjarnar ákvað að skipta út gömlu Finsam ísvélinni eftir hátt í 30 ára dygga þjónustu og fá sér krapavél til að kæla fiskinn strax á millidekki áður en hann er settur niður í lest.



Það er samdóma álit manna sem þetta hafa reynt að gæði fíksins stóruakist og er þar engin undantekning um borð í Ásbirni.

Kerfið samanstendur af M-20 North Star ísvél sem breytt hefur verið í krapavél en slík kerfi eru að fylla annan tuginn. Vélakerfið er með Bitzer skrúfupressu og forkælikerfi til að



kæla sjóinn áður en hann fer inn á krapavélina til að halda sem mestum afköstum á kerfinu í þeim hlýindum sem við nú upplifum.

Þetta kerfi afkastar um 10 tonnum af hreinum ís á sólahring eða um 30

tonnum af 30 % krapa á sólarhring óháð sjávarhita þar sem það er útbúið forkælikerfi.

North Star

Kælitækni óskar áhöfn og útgerð til hamingju með nýja kerfið og þakkar um leið **Stál-Orku**, **Celsíus** og **Raftíðni** kærlega fyrir vel unnin störf.

Hráefnisvinnsla Dominos kaupir frystiklefa frá Kælitækni

Kæliver ehf. sá um milligöngu sölunnar sem og uppsetningu á kleanum. Um er að ræða Dagard MA 100 klefa 4,4 x 8,0 m að stærð. Fyrir voru tveir klearar frá Kælitækni frá sama framleiðanda þ.e. Dagard. Að sögn forsvarsmanna Hráefnisvinnslunnar ehf. eru þeir ánægðir með gæði kleanna og einnig snarpa og góða þjónustu veitta af bæði Kælitækni og Kæliveri.



Sala á krapavél til Hraðfrystihúss Gunnvarar

Um þessar mundir er verið að afhenda 18 tonna (55 tonn 30% krap) North Star krapavél fyrir fiskvinnslu til Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal. Vélin verður tengd við frystikerfi hússins.

Það hefur sýnt sig að notkun krapa í fiskvinnsluhúsum skilar aukinni framlegð og gæðum. Enn fleiri sjá sér þess vegna hag í því að kaupa slíkar vélar fyrir fiskvinnslur vegna einfaldleika þeirra sem og að hægt er að stýra seltumagni krapans. Þá er hægt að tengja þær beint við kælikerfi húsanna og spara með því vélbúnað. Þetta stuðlar einnig að auknum áreiðanleika.